

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 HÖFN

Garðabær, 9. ágúst 2024
Málsnúmer: 202407-0011
LA

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu á uppbyggingu ferðamannaaðstöðu í landi Skriðu í Hornafirði.

Vísað er í tvö erindi Sveitarfélags Hornafjarðar, sem bárust gegnum Skipulagsgátt þann 4. júlí 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir nýtt deiliskipulag í landi Skriðu og breytingar á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030. Náttúrufræðistofnun skilar einni umsögn fyrir bæði erindin.

Steinar Resort ehf. landeigandi Skriðu (L173414) í Hornafirði fyrirhugar uppbyggingu á ferðamannaaðstöðu með gistirýmum, veitingaþjónustu og baðtengdri afþreyingu. Stefnt er að byggja upp í áföngum 200 herbergja hótél í háum gæðaflokki ásamt fjölbreyttri afþreyingu s.s. baðlónum, 200 herbergja vegahótél og allt að 90 stakstæð smáhýsi. Einnig verður gert ráð fyrir fastri búsetu starfsmanna á svæðinu, allt að 10 starfsmannaíbúðum innan lóðar en gert er ráð fyrir að megin uppbygging fyrir starfsfólk svæðisins verði á Höfn. Heildarfjöldi gistirúma er áætlaður um 860 gestir á hótélum og allt að 400 í smáhýsum. Ætla má að um 150 starfsmenn þurfi til að sinna rekstrinum.

Fram kemur að unnið er að gerð deiliskipulags fyrir svæðið ásamt breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 þar sem stofnað verður nýtt allt að 40 ha verslunar- og þjónustusvæði, en svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Borað verður eftir vatni innan jarðarinnar og grann- og fjarsvæði vatnsverndar verður skilgreint skv. reglugerð 533/1999 um breytingu á reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Heildar byggingarmagn skipulagssvæðis verður allt að 35.000 m².

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsingu og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Skipulagssvæðið er ekki innan svæðis á náttúruvörðunarsvæði en vatnið þveit er innan svæðisins Hornafjörður-Kolgríma sem er tillaga Náttúrufræðistofnunar um B-hluta svæði árið 2018. Svæðið er tilnefnt vegna vistgerða á landi, fjöruvistgerða og fugla (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/austurland/hornafjordur-kolgrima>)

Innan svæðisins er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga en það þarf að kortleggja betur. Eins eru þekktar tvær kolsýrulaugar innan og í nálægð skipulagssvæðisins (Helgi Torfason, 2003) sem einnig njóta sérstakrar verndar en núverandi ástand þeirra er óþekkt.

Skipulagssvæðið er að mestu lítt raskað óbyggt svæði en á loftmyndum má sjá að nokkur skógrækt er innan svæðisins og er svæðið skilgreint sem skógræktarsvæði á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar. Uppbygging á verslunar- og þjónustusvæði felur í sér breytta



landnotkun og því þarf að vanda hönnun og framkvæmdir til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif og ásýndabreytingar.

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt, sérstaklega þar sem fyrirhuguð uppbygging ferðamannaaðstöðu í landi Skriðu er umfangsmikil, að gerð sé nánari úttekt á vistgerðum og fuglalífi svæðisins áður en ákvörðun er tekin um breytta landnotkun til að öðlast betra mat á umhverfisáhrifum. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar þarf að taka með fyrirvara þegar nýta á það við skipulag svæða í nákvæmari mælikvarða. Útbúa þarf nákvæmara vistgerðakort, kanna þarf hvort plöntur á valista finnast á svæðinu og mæla þarf þéttleika mófuglategunda sem margar eru ábyrgðartegundir fyrir Ísland.

Mjög mikilvægt er að kanna hættu á ofanflóðum, eins og fram kemur í lýsingu.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna og áskilur sér rétt á ábendingum á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,



Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur

Heimild:

Helgi Torfason 2003. Jarðhitakort af Íslandi og gagnasafn um jarðhita. Unnið í samvinnu við Orkustofnun. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands, NI-03016.

